36. landsfundur Sjálfstæðisflokksins - 13 október 2005

Landsfundarfulltrúar, ágætu flokkssystkini og gestir, góðir áheyrendur nær og fjær, kæru vinir. Hjartanlega velkomin.

Í þrítugasta og sjötta sinn skundum við sjálfstæðismenn til landsfundar. Hér ráðum við okkar ráðum í þrjá daga, skipum svo málum með atkvæðum og felum mönnum forystu til tveggja ára. Og þetta gerum við í umboði þeirra rúmlega þrjátíu og fimm þúsund Íslendinga, sem eru skráðir í Sjálfstæðisflokkinn, langstærsta félag landsins, sem ekki býr við skylduaðild.

Ábyrgð okkar er því töluverð og við finnum fyrir henni, en við finnum ekki síst gleðina, sem henni fylgir. Allir tilheyra landsfundarfulltrúar einum og sama flokknum, en samt eru þeir svo ólíkir, að betri þverskurð hins íslenska þjóðfélags finna menn naumast annars staðar. Þetta fólk, sem hingað er komið, sveitarstjórnarmenn að austan, kennarar að norðan, bændur að sunnan og vestan, borgarbúar og landsbyggðarfólk, þetta fólk er komið til að leggja sitt af mörkum til einnar niðurstöðu í ótal álitaefnum. Og fyrir þeim öllum vakir aðeins eitt: að efla Ísland, hag þess og virðingu, afl þess og kraft, svo þar megi fjölbreyttni og framsækni njóta sín í þágu alþjóðar. Undir merkjum sjálfstæðisstefnunnar, innan vébanda Sjálfstæðisflokksins höfum við skipað okkur til verka, vegna þess að þar eiga hugsjónir okkar hljómgrunn, þar eigum við samleið og þar finnum verðugt viðnám fyrir krafta okkar.

Ályktanir, rökræður og átök í atkvæðagreiðslum eru fyrirferðarmikil á landsfundi. En svo er hinn þátturinn sem ókunnum er stundum erfitt að skilja og hann er sá að landsfundur er fyrst og síðast vinafundur og hvað er svo glatt sem góður slíkur fundur.

Ég veit ekki til þess að gerð hafi verið vísindaleg úttekt á umræðum á landsfundum og ákvörðunum hans í tæp áttatíu ár. En lausleg skoðun nokkra áratugi aftur í tímann sýnir að ótrúlegum fjölda verkefna fundanna hefur síðar meir verið hrint í framkvæmd af fulltrúum hans á vettvangi sveitarstjórna og þjóðþings. Þess vegna horfa samherjar okkar og andstæðingar, sem og þeir sem hlutlausir teljast, með nokkurri athygli til landsfundar. Því hér er sáð til framtíðar. Og einnig þess vegna verðum við að venju að vanda okkur mjög við verkefnin. Ekki einvörðungu til þess að þau standist skoðun, heldur til þess að niðurstöðurnar megi verða raunverulegt tæki til að meitla og móta þjóðlífið. En að öðru leyti skulum við taka lífinu létt á landsfundi, njóta samverunnar, efla vináttuna og treysta böndin. Glaðra manna ráð og vondjarfra reynast jafnan svo miklu betur en hinna sem ekki sjá út úr augum og taka enga spá gilda nema hrakspána.

Ágætu fundarmenn,
Við komum sama síðast sjálfstæðismenn til landsfundar í aðdraganda Alþingiskosninganna 2003. Í þeim kosningum var hart að okkur sótt eins og jafnan. Það eru ótrúlega margir sem virðast ekki hafa aðra pólitíska lífsskoðun en þá að vera á móti Sjálfstæðisflokknum. Það er sannarlega virðingarefni.. Við horfum á hinn bóginn ekki slíkum augum til nokkurs stjórnmálafls í landinu, þótt við höfum á þeim mismikið álit. Við hefðum auðvitað kosið að úrslit kosninganna sem í hönd fóru hefðu verið okkur hagstæðari. En mestu skipti að við fengum í senn afl og skýrt umboð til að ganga enn til starfs í ríkisstjórn, eftir tólf ára ríkisstjórnarforystu okkar flokks. Slíkur árangur hefur ekki áður náðst í okkar sögu.

Samið var um það að ríkisstjórnarflokkarnir tveir skyldu skipta með sér forystuhlutverkinu í ríkisstjórninni á kjörtímabilinu og jafnframt að forræði eins ráðuneytis skyldi færast til

Sjálfstæðisflokksins við forystuskiptin. Ýmsir hafa nefnt að Sjálfstæðisflokkurinn hafi gengið nokkuð langt í örlæti sínu við framangreinda niðurstöðu, og vísa þá til, að stærðarmunur flokkanna sé mikill eða nær tvöfaldur. En þá er til þess að líta að samstarf flokkanna hefur verið langt og farsælt og góð samvinna og traust á milli forystumanna þeirra. Það er reyndar stundum spurt um það, hvernig á því standi að stjórnarsamstarfið hafi verið svo farsælt. Flokkarnir tveir séu jú gjörólíkir. Saga þeirra sé lituð af spennu, pólitísk sýn og áherslur þeirra hafi á ýmsum tímum verið eins og dagur og nótt. Og það er svo sem von að einstaka menn furði sig á því að þetta geti gengið svo vel hjá svo gerólíkum flokkum. En ég segi við þá sem þannig tala: Horfið á okkur Ástríði. Hún svona blíð, skapgóð, snyrtileg og umtalsfróm og ég eins og ég er og þetta hefur samt gengið prýðilega í 35 ár.

Ágætu flokksystkini,
Það eru fjölmargar ástæður fyrir því að við tökum þátt í stjórnmálastarfi. Við erum þó auðvitað fyrst og fremst í stjórnmálum til að hafa áhrif. Ég stóð í þessum ræðustól fyrir tæpum 15 árum til að segja landsfundarfulltrúum að ég vildi axla formanns ábyrgðina í flokknum fengi ég til þess stuðning þeirra. Þetta var ekki auðvelt enda formannsembættið ekki laust. Ég benti þá á, að í 20 ár – frá árinu 1971 hefði flokkurinn okkar aðeins verið í ríkisstjórn í níu ár og þar af aðeins í fimm ár af 20 í forystu ríkisstjórnar. Meira að segja gamli kommaflokkurinn, Alþýðubandalagið, sem nú hvílir lúin bein einhvers staðar utan tilverunnar, hafði á sama tveggja áratuga tímabili verið tveimur árum lengur í ríkisstjórn á Íslandi en Sjálfstæðisflokkurinn. Og það sem verra var, en kom ekki á óvart, að þessi skipan mála hafði reynst þjóðinni afar dýrkeypt. Á valdatíma síðustu vinstristjórnar féll kaupmáttur launa um 10% og kaupmáttur þeirra sem minnst mega sín, kaupmáttur grunnlífeyris lækkaði um rúm 16%. Í raun er þetta hrun á kaupgetu fólks lýsandi dæmi um lausatök vinstri flokkanna á landsstjórninni. Hagur alls almennings laskaðist og þjóðin sem heild dróst aftur úr öðrum þjóðum og rak lestina á flesta mælikvarða mælt.

Ég vitnaði á þeirri stundu til orða Ólafs Thors sem hafði sagt að fortíðin varðaði miklu, nútíðin meiru en mestu varðaði framtíðin. Það kom í hlut okkar sjálfstæðismanna, eftir kosningarnar 1991 að kljást við þá fortíð, sem vinstriflokkarnir hlupu frá. Stöðnun, sjóðasukk, fjárlagahalli og skattahækkanir voru nokkrir helstu minnisvarðar félagshyggjunar sem þá blöstu við. Það var gengið í að fjarlægja þá. Það var ekki átakalaust og stundum söng í rá og reiða þegar krappast var siglt. En Sjálfstæðisflokkurinn og stefna hans stóð af sér alla storma sinnar tíðar, eins og hann mun gera, þegar hvert rúm er vel skipað og ekki hvikað frá loka markinu. Leiðarvísirinn, sjálfstæðisstefnan, er ekki trúarheit eða galdraformúla, sem hafin er yfir skoðun eða gagnrýni. Og hún þarf að standast próf aftur og aftur. En það hefur hún einmitt gert, svo ekki verður um villst, eftir að áhrif Sjálfstæðisflokksins urðu afgerandi á ný frá vorinu 1991. Sjálfstæðisstefnan er á því reist að þeim þjóðum farnist til lengdar best sem láta einstaklingana ráða sjálfa mestu um eigin mál.
Hún felur sem sagt í sér virðingu fyrir manninum, sem leysir mikla orku úr viðjum, þegar honum er falin sem ríkust ábyrgð á lífi sínu og örlögum. En sá hyrningarsteinn sem þessi stefna hvílir á, stendur gegnt öðrum, sem er ekki síður mikilvægur, og segir að við berum einnig ábyrgð hvert á öðru og sú regla verður að vera ófrávíkjanleg í okkar þjóðfélagi, að hjálpa beri þeim sem höllum fæti standa, af reisn og myndarskap. Sjálfstæðisstefnan er vissulega ekki hátimbruð útfærð forskrift, þar sem reynt er að laga allt mannlíf að fyrirfram gefinni niðurstöðu. Við höfum séð slíkar pólitískar formúlur og tjónið sem þær hafa valdið. Flokkurinn okkar hefur aldrei þurft að breiða yfir nafn sitt og númer, né þurft að skæklast undan skugga fortíðar sinnar og þykjast ekki kannast við sjálfan sig í spegli sögunnar. Þjóðin hefur því alltaf vitað hvar hún hefur okkur og fyrir hvað við stöndum.

Góðir fundarmenn,
Tíminn líður hratt og nú eru þeir margir, í þessum sal sem annars staðar, sem muna vart það ástand sem ríkti í íslenskum efnahagsmálum þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók við stjórnartaumunum 1991. Þeir trúa því naumast, þegar rifað er upp að einn helsti forystumaður vinstri aflanna á Íslandi lýsti afleiðingum verka sinnar eigin ríkisstjórnar svo, að Ísland hefði aldrei staðið nær þjóðargjaldþroti en þá. Sú yfirlýsing olli okkur Íslendingum vandræðum út á við á þeim tíma, en gefur nú mynd af þeim verkefnum sem við okkur blöstu á fyrstu starfsdögunum í stjórnarráðinu.

Við sjálfstæðismenn gengum til verks með Alþýðuflokknum, sem mun nú eingöngu vera til sem númer í fyrirtækjaskrám. Í lok kjörtímabilsins klofnaði sá ágæti flokkur eins og stundum endranær, eins og margir aðrir vinstri flokkar hafa gert. Má reyndar furðulegt heita að íslenskir vinstri menn með alla sína klofningsreynslu skuli ekki hafa náð að verða fyrstir til að kljúfa atómið, löngu áður en stórveldunum tókst það með ærnu erfiði. En hvað sem því líður reyndist samstarfið við Alþýðuflokkinn á marga lund gott og árangursríkt og góður grundvöllur var lagður að ýmsu sem skilað hefur miklu. En vegna innanbyrðis sundurþykkju urðu kosningaúrslit honum óhagstæð vorið 1995 og hann varð því ekki fýsilegur stjórnarkostur. Niðurstaðan varð því sú að við sjálfstæðismenn mynduðum ríkisstjórn með Framsóknarflokknum. Sú ríkisstjórn hefur haldið velli síðan.

Ágætu sjálfstæðismenn,
Hvernig er um að lítast hér á Íslandi eftir þau tæpu fimmtán ár, sem þjóðin hefur veitt okkur sjálfstæðismönnum umboð til að sitja í ríkisstjórn? Hefur okkur miðað fram, höfum við gengið til góðs?, svo spurt sé í anda listaskáldsins. Andstæðingarnir reyna að draga sem dekksta mynd af þjóðlífinu, sem er að nokkru þeirra rulla. Þeir seildust þó óneitanlega dálítið langt í tengslum við stefnuræðuna á dögunum. Ef taka ætti þau Steingrím, Ingibjörgu og Guðjón hátíðlega, hlyti stóra spurningin að vera sú, hvers vegna þjóðin sé ekki fyrir löngu búin að pakka sínu hafurtaski saman í gám og farin fyrir fullt og allt af þessu skaðræðis skeri. Það virtist allt í slíkum ólestri að þeirra mati. En hvert er viðhorf þeirra sem enga rullu þurfa að spila. Glöggt er gests augað segjum við stundum, meðal annars vegna þess að návígið og flokkadrættir gera mönnum erfitt að draga upp hófstillta mynd af sínu nánasta umhverfi. Og nú eigum við kost á að sjá hvar við Íslendingar stöndum í alþjóðlegum samanburði og hvernig erlendir óvilhallir matsaðilar meta stöðuna hér. Þá blasir heldur betur við önnur mynd en sú sem áðan var nefnd. Á alþjóðavettvangi nýtur Ísland nú hæstu einkunnar þegar metið er lánstraust ríkja. Við erum þar í flokki með Bandaríkjunum og Þýskalandi. Hvers vegna skyldi þetta vera? Skýringin er einföld. Íslenskt efnahagslíf þykir öflugt og traust, möguleikar þess til að fást við sveiflur fjölmargir, en öllu skiptir þó að ríkissjóður hefur verið rekinn með myndarlegum afgangi árum saman. Skuldir ríkisins voru svo sannarlega mikið áhyggjuefni þegar við tókum við árið 1991. Þegar áform um niðurgreiðslu erlendra skulda á þessu ári hafa náð fram að ganga verður ríkissjóður búinn að ná jöfnuði við útlönd, þar sem gjaldeyrisvaraforði Seðlabanka nemur þá hærri upphæð en erlendar skuldir ríkisins. Það eru gleðileg tímamót í sögu lýðveldisins. Forsendur fjárlagafrumvarpsins gera nú ráð fyrir að vaxtatekjur ríkisins séu hærri en vaxtagjöldin. Það er ekki bara nýlunda heldur mikil og góð tíðindi, því nú þarf ekki lengur að skattleggja almenning til að greiða vexti af skuldum ríkisins. Það voru ekki margir sem trúðu því að þetta myndi nokkru sinni takast. Og hið merkilega er að þessi árangur hefur náðst á sama tíma og skattar hafa lækkað jafnt og þétt. Þegar við tókum við 1991 voru skattar á fyrirtækin í landinu 50%. Við lækkuðum þá í áföngum, fyrst í þrjátíu prósent og síðan í 18 prósent. Nú skila þessi 18 prósent miklu meiri tekjum en 50 prósent gerðu áður. Fjármagnstekjuskatturinn var í raun 47 prósent og hann

skilaði ríkissjóði sáralitlum tekjum. Við lækkuðum hann niður í tíu prósent. Hann skilar nú margfalt meiri tekjum en áður. Við afnámum eignaskattinn og þegar þetta kjörtímabil er úti verður hátekjuskatturinn einnig úr sögunni. Þegar Friðrik Sophusson tók við af Ólafi Ragnari sem fjármálaráðherra heimti ríkið, og er þá útsvarinu sleppt, 32,8 prósent skatt af okkur og uppi höfðu verið heitstrengingar vinstri manna um að hækka það hlutfall myndarlega. Við létum 2,8 prósent til sveitarfélaganna þegar grunnskólinn var færður til þeirra. Það má því segja að við höfum byrjað með 30 prósent tekjuskatt til ríkisins. Við lok þessa kjörtímabils verður þessi skattur kominn niður í 21,7 prósent og hefur því lækkað um rúm átta prósentustig. Það datt fáum fræðimönnum í hug að það tækist að lækka skuldir ríkisins og lækka skatta samtímis. Fjármálaráðherrarnir okkar, þeir Friðrik og Geir, eiga svo sannarlega mikið hrós skilið og árangur þeirra er mikils metinn. Það kemur nú í hlut nýs fjármálaráðherra okkar, Árna Matthiesen að halda áfram á þessari braut. Árni er öflugur maður og þótt hann sé dýralæknir þá stundar hann engar hrossalækningar í efnahagsmálum. Landsmenn geta því áfram treyst því að skattalækkunarstefnan verði ætíð ofarlega á minnislista sjálfstæðismanna.

Ég heyrði á dögunum að formaður Samfylkingarinnar vilji nú hækka fjármagnstekjuskattinn. Þetta kom mér ekki á óvart. Berlínarmúrinn er löngu fallinn en þeir múrar sem hugmyndaheimur Samfylkingarinnar hýrist innan, standa greinilega enn óbrotnir. Skattahækkunartal formannsins var fyrirsjáanlegt. Hún er nefnilega römm skattahækkunartaugin er dregur rekka til föðurtúna félagshyggjunnar. Fátt sýnir betur muninn á okkur sjálfstæðismönnum og félagshyggjuflokkunum en afstaðan til skattamála. Við viljum lækka skatta þegar færi gefst og auka þar með hlutinn sem vinnandi menn halda eftir af sínu aflafé. Vinstri menn mega ekki sjá skatt án þess að vilja hækka hann. Reyndar er framangreindur tillöguflutningur nokkuð sérkennilegur, jafnvel svo að hann kann að rata í kennslubækur í öfugri hagfræði ef að þær verða gefnar út þegar fram líða stundir. Tillögurnar voru rökstuddar með því að hafa þyrfti áhyggjur af þenslu og skal ekki dregið úr því að aðgæslu er vissulega þörf í þeim efnum um þessar mundir. En eitt af því sem þó er brýnast, er að hvetja þjóðina til að spara meira en nú er gert. Það væri tilræði við sparnaðinn í landinu að hækka nú fjármagnstekjuskattinn. En megin atriðið er þó það, að óþekkt er að vinstrimenn hafi notað hækkun skatta til að greiða niður skuldir eða setja fé til hliðar. Skýrasta kæmið er höfuðborgin sjálf, sem skuldaði tvo milljarða á núvirði þegar ég lét af störfum borgarstjóra, en skuldar nú á milli 70 og 80 milljarða á sama verðlagi, þrátt fyrir að hafa hækkað skatta og fengið stórauknar tekjur vegna þess góðæris sem ríkt hefur. Efnahagsstjórn höfuðborgarinnar síðast liðin 12 ár er hrikalegasta brotlending sem við höfum horft upp á í þessu landi. Ýtarleg úttekt er á þessum þætti í athyglisverðu tímariti, „Þjóðmálum“, sem er að hefja göngu sína um þessar mundir.

Árangurinn í ríkisfjármálum verður enn glæsilegri þegar horft er til menntamála, heilbrigðismála og annarra þeirra verkefna sem skattfé okkar er nýtt í. Þá kemur í ljós að á meðan við greiddum niður skuldirnar og lækkuðum skattana voru framlög stóraukin til þeirra mála sem okkur þykir mestu varða að myndarlega sé staðið að. Við sjálfstæðismenn höfum stýrt menntamálaráðuneytinu síðan 1991. Ólafur G. Einarsson, Björn Bjarnason, Tómas Ingi og Þorgerður Katrín hafa öll verið mjög öflugir menntamálaráðherrar. Vitnum enn í einkunnir að utan. Nú er svo komið að samkvæmt skýrslu OECD fjárfestir engin þjóð í heiminum í menntun af jafn miklu kappi og við Íslendingar. Við verjum 7,4 prósentum þjóðarframleiðslunnar til menntamála, en næstir á eftir okkur koma Bandaríkjamenn. Við stöndum einnig fremst í flokki þegar horft er til útgjalda til vísinda og rannsókna, langtum fremri en til dæmis þjóðir Evrópusambandsins. Það var einkar ánægjulegt að fá fréttir af því að Ísland er nú í topp tíu sætunum miðað við fólksfjölda í mörgum greinum vísinda þegar

taldar eru greinar sem birtar eru í virtustu vísindatímaritum heimsins. Styrkleiki okkar er þar mestur í heilbrigðis- og læknisfræði, jarðvísindum og eðlis- og efnafræði. Þetta eru góðar fréttir og við megum vera stolt af vísindamönnunum okkar og við eigum að hvetja þá til dáða og efla til afreka. En við megum líka vera stolt yfir því hvernig háskólaumhverfið hefur tekið stakkaskiptum hér á landi undir forystu okkar sjálfstæðismanna. Fjöldi nýrra skóla hefur sprottið upp og námsframboð hefur aldrei verið jafn mikið eins og nú. Íslensk ungmenni eiga nú miklu meiri möguleika á að finna nám við sitt hæfi en áður var enda hefur nemendum á háskólastigi fjölgað mjög. Háskólarnir eru nú í miklu betra sambandi við atvinnulífið en áður var og því líklegt að menntunin, rannsóknirnar og vísindastarfið nýtist þjóðinni enn betur en verið hefur hingað til. Skýrslur í haugum upp í hillum eru lítils virði. Náið samstarf á milli skóla, tengsl rannsókna og þróunar við framtak og frumkvæði, er lykillinn að árangri. Þessarar tengingar sér nú stað og er fyrirboði um enn frekari hagvöxt og velmegun þegar fram líða stundir.

Útgjöld okkar til heilbrigðis- og tryggingamála hafa stóraukist undanfarin ár. Við sjálfstæðismenn höfum vissulega ekki stýrt ráðuneyti þessa málaflokks. En við höfum staðið vel við bakið á ágætum ráðherrum úr okkar samstarfsflokkum og látið til okkar taka. Þannig er fagnaðarefni að hugmyndir um byggingu nýs hátæknisjúkrahúss eru að verða að veruleika. Er það sannfæring mín að bygging þess muni ekki einungis bæta úr mjög brýnni þörf, heldur muni um leið nást fram veruleg hagræðing í heilbrigðiskerfinu.
Framlög til aldraðra og örorkuþega hafa verið stóraukin á undanförnum árum. Ríkisstjórnin hefur tryggt nýja tilhögun mála sem veitir öldruðum og örorkuþegum vernd fyrir kjararýrnun. Ég held að það hafi öllum ofboðið þegar vinstri stjórnin síðasta lét það viðgangast að kjör öryrkja og aldraðra skertust langt umfram þá skerðingu sem launþegar máttu þola. Þess vegna var það ákveðið að bætur almannatrygginga myndu annað hvort fylgja verðbólgu eða umsömdum taxtahækkunum, allt eftir því hvort hækkaði meira. Þar með var búið að koma í veg fyrir að kjör aldraðra og öryrkja gætu skerst vegna verðbólgu og tryggt að hagur þeirra vænkaðist að minnsta kosti í samræmi við gerða kjarasamninga. Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum átt náið samstarf við samtök aldraðra um hvernig best verði komið til móts við þarfir þeirra. Það samstarf hefur gengið vel og unnið er af heilindum á báða bóga. Auðvitað vilja talsmenn þeirra að enn betur sé gert og það er ljóst að áfram verður að halda vel á til að tryggja að aldraðir fái notið efri áranna með fullri reisn. Hún er ekki síður mikilvæg en aðrar einkunnir, sú sem sýnir hvernig okkar þjóð býr að sínum eldri borgurum í samanburði við aðrar þróaðar þjóðir. Það standa mjög fáar ef nokkrar þjóðir okkur framar, en það gefur ekki ástæðu til að slaka á.

Góðir landsfundarfulltrúar og gestir,
Um fátt höfum við Íslendingar deilt jafn hart og fyrirkomulag fiskveiða. Kemur það lítt á óvart enda mikilvægi greinarinnar óumdeilt. Við sjálfstæðismenn höfum einatt deilt hart um þessi mál innan okkar flokks og það hefur óneitanlega stundum hrikt í á landsfundum eins og þið kannist við. Jafnan höfum við þó náð að sameinast um stefnu flokksins, þó því sé ekki að neita að deilurnar um fiskveiðistjórnarkerfið hafi reynst flokknum erfiðar. Átakalínan hefur fyrst og fremst verið sú hin síðari ár hvort leggja bæri sérstakan skatt á útgerðina umfram annan atvinnurekstur í landinu. Þorsteinn Pálsson var sjávarútvegsráðherra þegar harðast var deilt um veiðileyfagjaldið. Í þeirri orrustu allri komu vel fram kostir Þorsteins Pálssonar. Rökfesta hans og málafylgja dugðu vel í þeim slag. Við sem fastast stóðum á móti sérstakri gjaldtöku tókum að lokum þann kost að gefa nokkuð eftir og mitt mat er að það skýri, að þokkaleg sátt ríki nú um þetta mikla mál. Árna Matthiesen hefur með lipurð tekist að ná góðum friði um aflamarkskerfið sjálft, þótt auðvitað sé langur vegur frá því að endanleg lausn sé fundin á því hvernig fiskveiðistjórninni sé best háttað. Við höfum til að mynda ekki enn

náð þeim árangri sem vænta mátti við uppbyggingu þorskstofnsins. Það skiptir því miklu að hafrannsóknir verði enn efldar á næstu árum. Nýr sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, hefur djúpar rætur í íslenskum sjávarútvegi. Hann hefur á vettvangi flokksins okkar lengi tekið virkan þátt í umræðu um sjávarútvegsmál, haft þar mótandi áhrif, en einnig verið maður sátta og má því vænta mikils af ráðherratíð hans í sjávarútvegsráðuneytinu. Við eigum að nota tækifærið sem sáttargjörðin gefur og tryggja sjávarútveginum góðan starfsfrið svo að greinin njóti þeirrar virðingar sem hún á skilið sem ein undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Í síðustu kosningum fengu íbúar landsbyggðarinnar að kynnast hugmyndum Samfylkingarinnar um hvernig sá flokkur hugðist blóðmjólka sjávarútveginn . Þvert á eigin vinnureglur og venju lagði Fylkingin meira að segja fram útfærðar hugmyndir um hvernig leggja mætti auðlindaskattinn á. Þar með gafst kjósendum óvenjulega gott tækifæri á að leggja mat á tillögurnar. Færa átti milljarða frá Siglufirði, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Höfn og öðrum útgerðarbæjum landsins í skattakistu ríkisins. Kjósendum hugnaðist auðvitað ekki það sem fyrir þá var borið. Má mikið vera ef Samfylkingin leggur nokkru sinni aftur fram opinberlega stefnu í þessum málaflokki. Staðan þar minnir helst á hrakfarirnar í margþrepa skattkerfinu sem hún vildi sækja aftur úr haugum fortíðar og láta sprengja staðgreiðslukerfið í loft upp.

Þrír sjálfstæðismenn hafa lengst gegnt embætti dóms-og kirkjumálaráðherra frá 1991. Þorsteinn Pálsson, Sólveig Pétursdóttir og Björn Bjarnason hafa öll verið einkar farsæl í störfum sínum í þessu ráðuneyti og sér árangurs verka þeirra víða stað. Á þessum hálfa öðrum áratug sem við sjálfstæðismenn höfum sýslað með þau mál, höfum við leitt stórfelldar breytingar. Við höfum aðskilið dómsvald og umboðsvald - sem þýðir á mæltu máli að horfin er sú skipan að sami maður rannsaki mál og dæmi í því. Sumir eru um þessar mundir vísvitandi að rugla þessu máli við rannsókn og saksókn sem er allt önnur saga. Að frumkvæði forsætisráðuneytisins voru sett stjórnsýslulög, sem eiga að sjá til þess, eins og hægt er, að vel sé staðið að málum í stjórnsýslunni, mál fái sanngjarna afgreiðslu og jafnræðis sé á allan hátt gætt. Við höfum sett upplýsingalög, sem tryggja borgurunum – og þeim sem stundum telja sig hafa umboð til að tala í nafni þeirra – aðgang að upplýsingum um það sem stjórnvöld eru að bardúsa. Sjálfstæði dómstólanna er fullkomlega tryggt. Við höfum lögfest mannréttindasáttmála Evrópu og þannig gert hann jafngildan íslenskum lögum – að vísu með þeirri afleiðingu sem Magnús heitinn Óskarsson orðaði þannig að bilaðir menn jafnt sem óbilaðir beri hann nú fyrir sig af minnsta tilefni. Mannréttindasáttmálinn hefur vitaskuld aðeins stöðu almennra laga en er hvorki stjórnarskrá né ígildi hennar, en engu að síður var táknrænt og gott skref að lögfesta hann. Þá höfum við endurskrifað sérstakan mannréttindakafla í stjórnarskrána. Að vísu var álitið að mannréttindin, sem þar voru skráð í stjórnarskrána, væru í gildi áður, en engu að síður þótti rétt að setja þau formlega á blað. Ekki til þess að dómsniðurstöður yrðu aðrar en áður, eða réttindi breyttust, heldur til þess að réttindi sem giltu yrðu öllum sýnileg.

Þegar ríksstjórnin kemur til fundar er bílum ráðherra lagt fyrir framan stjórnarráðið og þykir sumum það snotur sjón að sjá. Áratugum saman skar bíll samgönguráðherra sig þó úr. Hann var mun grjótbarðari en hinir. Íslenskir vegir hafa lengi verið uppspretta líflegra skoðanaskipta og bugðóttir malarvegirnir verið erfiðir, ekki síst óvönum. Nú er öldin önnur. Framlög til vegamála hafa stóraukist á undanförnum árum og skammt stórverkefna á milli. Samgönguráðherrarnir okkar, þeir Halldór Blöndal og Sturla Böðvarsson, hafa verið mjög öflugir og staðið fyrir hreinni byltingu í samgöngumálum þjóðarinnar. Nýir og betri vegir hafa verið lagðir, malarvegir malbikaðir, göng grafin og umferðarmannvirki reist. Þeir sem leið eiga um Djúp, austur á land eða norður um heiðar finna glöggt muninn. Nú er verið að

tvöfalda Reykjanesbrautina og mikið framkvæmdaátak blasir hvarvetna við. Á árunum 2003 til 2007 munum við verja 76 milljörðum króna til vegamála og öll áætlanagerð og skipulagsvinna í þessum málaflokki hefur tekið stórstígum framförum. Því miður hafa borgaryfirvöld í Reykjavík ekki sýnt samgöngumálum mikinn áhuga og dregið lappirnar í þeim skipulagsmálum sem að þeim snúa. Höfuðborgin hefur því ekki verið tilbúin til að taka við öllum þeim fjármunum sem þangað hefðu getað farið til vegaframkvæmda. Samgönguráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa einnig náð miklum árangri í að móta hið nýja umhverfi í fjarskiptamálum þjóðarinnar. Við Íslendingar erum fljótir að tileinka okkur nýjungar á því sviði og mikilvægt að stjórnsýslan sem að því snýr sé lipur og skilvirk.

Umhverfismál eru núorðið í brennidepli þjóðmálanna. Þar er iðulega tekist á um grundvallar sjónarmið. Við Íslendingar eigum allt undir því að nýta landið okkar og auðlindir þess með skynsamlegum hætti. Við viljum treysta á bestu þekkingu sem völ er á. En til að tryggja varðveislu náttúrugæða, jafnt áþreifanleg sem huglæg gæði, hljótum einnig að horfast í augu við þá staðreynd að flestum mannanna verkum fylgir nokkuð rask. Náttúruvernd og skynsamleg nýting verða ekki að fullu í sundur skilin. Í þeim efnum er meðalhófið best. Það var með þessa hugsun að leiðarljósi sem við Íslendingar ákváðum að skrifa ekki undir Kyoto samþykktina nema við fengjum auknar undanþágur sem tryggðu að við gætum nýtt hagkvæmar orkulindir landsins. Kyoto samþykktin byggir vissulega á afar ótraustum vísindalegum grunni. En viðleitnin með sáttmálanum er örugglega í rétta átt. Við sjálfstæðismenn höfum tekið fullan þátt í umræðunni um hlýnun jarðar. Því miður hefur sú umræða á köflum verið borin uppi af óræðri tilfinningasemi og í versta falli innantómum áróðri fremur en rökum. Nýlega höfðu málsmetandi menn, vísindamenn og stjórnmálamenn, uppi stór orð upp um það að okkur Íslendingum stafaði mikil hætta af hlýnun jarðar þar sem ein afleiðing hennar væri breytingar á Golfstraumnum. Úr þessu var mikið gert. En svo birtist nýlega frétt, þó miklu fyrirferðaminni, þar sem vísindamenn kynntu þá niðurstöðu sína að allt benti til þess að þrátt fyrir hugsanlega hlýnun á norðurslóðum myndi Golfstraumurinn halda áfram sínu hringsóli. Þessi litla saga kennir að vísindin verða að fá frið og tíma til að nálgast niðurstöður í flóknum málum. Það er sjálfsagt að hafa fullan vara á. Við eigum öll að vera umhverfisverndarsinnar og við eigum að hlusta vel eftir skoðunum þeirra sem koma með vel grundaðar athugasemdir og varnaðarorð. En æsingamenn og öfgamenn eiga ekki að fá að ráða þessari umræðu, fremur en annarri. Sigríður Anna Þórðardóttir gegnir nú embætti umhverfisráðherra fyrst sjálfstæðismanna. Hún nýtur mikils álits í okkar röðum og hefur áunnið sér traust þeirra sem helst um fjalla um þessi mál. Mikilvægt er að við sjálfstæðismenn styðjum hana eindregið og dyggilega í hennar vandasömu störfum.

Eftir 17 ára hlé fengum við í september á síðasta ári lyklavöldin í utanríkisráðuneytinu. Þó ráðuneytið hafi ekki heyrt undir okkar stjórn þá hefur flokkurinn okkar lengst haft mest áhrif á mótun utanríkisstefnu þjóðarinnar. Stefna Sjálfstæðisflokksins hefur æfinlega verið hryggjarstykkið í íslenskum utanríkismálum allt frá því að þjóðin tók þau mál aftur í eigin hendur við stofnun lýðveldisins. Við höfum staðið fast við þá stefnu að öryggi landsins sé best tryggt með varnarsamningnum við Bandaríkin og í samstarfi með vestrænum lýðræðisþjóðum innan NATO. Á undanförnum árum hefur reynt á þessar tvær megin stoðir utanríkisstefnu okkar. Varnarsamningur okkar við Bandaríkin er tvíhliða samningur. Hann gerir ráð fyrir því að þjóðirnar mætist á jafnréttisgrundvelli þó stærðarmunurinn á þeim sé augljós. Við Íslendingar sættum okkur ekki við það þegar Bandaríkjamenn ætluðu einhliða að taka þá ákvörðun að ekki væri þörf á loftvörnum hér á landi eins og annars staðar. Íslensk stjórnvöld hafa staðið fast á þeirri skoðun sinni að breytingar verði ekki gerðar á vörnum landsins nema með fullum vilja og samþykki Íslendinga. Þetta sjónarmið okkar hefur komist til skila, á fundum mínum með forseta og utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Hefur

Bandaríkjaforseti sýnt okkar sjónarmiðum skilning. Í framhaldi af framangreindum fundum var ákveðið að viðræður hæfust á milli embættismanna ríkjanna og standa þær nú yfir. Nýi utanríkisráðherrann, Geir Haarde, leiðir þessa samningaviðræður og er gott að vita þetta mikilvæga mál í hans öruggu höndum. Samstarfið í NATO hefur verið okkur Íslendingum mjög mikilvægt allt frá upphafi. Það var gæfustund í sögu þjóðarinnar þegar Ísland varð eitt af stofnríkjum bandalagsins. Samstaða vestrænna lýðræðisríkja innan NATO var sú brjóstvörn sem villimennska kommúnismans brotnaði á. Heimsmyndin er nú breytt. Þær hættur sem stafa að lýðræðisríkjunum eru aðrar og margbrotnari en áður. Hryðjuverkamenn og skálkaríkin sem styðja þá eru ógn við frelsi okkar, líf okkar og limi. Þörfin á samstöðu er engu minni nú en áður. Það reyndi mjög á samstarfið innan NATO í aðdraganda Íraksstríðsins. Á þeim vettvangi höfum við Íslendingar verið í hópi þeirra þjóða sem lagt hafa áherslu á að ekki mætti veikja tengslin á milli Evrópuríkjanna og Bandaríkjanna. NATO stóð af sér þessa prófraun. Sameiginlegir hagsmunir, sameiginleg gildi og sameiginleg saga reyndust öllu sundurlyndi yfirsterkara. Bandalagið er nú stærra en áður og mörg fyrrum ríki Austur - Evrópu njóta nú verndar og öryggis sem íbúar þeirra landa gátu ekki látið sig dreyma um fyrir örfáum árum. Okkur Íslendingum er það sérstakt ánægjuefni að þjóðir Eystrasaltsins eru nú orðnar fullgildir aðilar að bandalaginu. Innganga þeirra tryggði í sessi frelsi þeirra og varanlega lausn undan því grimmdar oki sem á þeim hafði hvílt áratugum saman.

Góðir landsfundarfulltrúar,
Við og við blossar upp umræða um það, hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Við sjálfstæðismenn höfum tekið þeirri umræðu fagnandi. Stefna okkar er skýr og við höfum fært ýtarleg rök fyrir máli okkar. Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið tryggir okkur aðgang að innri markaði sambandsins. Þar með njótum við helstu kosta aðildar án þess að vera meðlimir og þurfa að sæta ókostunum. Jafnframt er ljóst að aðild að Evrópusambandinu yrði okkur Íslendingum dýrkeypt. Sjávarútvegskommisarar sambandsins hafa komið hingað til lands og útskýrt að auðvitað fengju Íslendingar engar undanþágur frá sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni. Einungis væri hægt að fá tímabundna aðlögun og þeir hafa undirstrikað að vilji menn ganga í klúbbinn þá verði þeir að undirgangast reglurnar. Í þessu felst engin ósanngirni. Þetta skilja auðvitað allir en sumum gengur hins vegar illa að sætta sig við þetta og kjósa af tvennu illu að lifa í lyginni. Það liggur líka fyrir að aðild að Evrópusambandinu myndi reynast okkur mjög dýr. Aðgöngumiðinn myndi kosta mörg þúsund milljónir á ári hverju. Og hver vill kaupa slíkan miða sem engu breytir um markaðsaðgang okkar en færir yfirráð yfir íslensku fiskimiðunum til Brussel og smám saman myndi svipta okkur raunverulegu sjálfstæði í efnahagsmálum? Enginn, hefði maður haldið. En það er sama hversu sýningin er slæm, illa leikin og endirinn ömurlegur, það er eins og alltaf sé hægt að finna einhvern sakleysingjann sem vill kaupa miða á uppsprengdu verði. Formaður Samfylkingarinnar vill nú að Íslendingar kasti krónunni og taki upp evru vegna snúinnar stöðu efnahagsmála um skamma hríð. Þessi ummæli fá menn til að staldra ögn við. Er það virkilega svo að það hafi farið fram hjá einhverjum að evra verður ekki tekin upp án aðildar að ESB? Vita menn ekki að það tæki mörg ár að ganga í ESB? Hefur enginn sagt þeim að eftir að í ESB er komið þarf íslenska myntin að fylgja skráningu evrunar í tvö ár áður en evran verður tekin upp sem gjaldmiðill þjóðarinnar? Leiða menn ekki hugann að þeim vandkvæðum sem það kann að verða bundið fyrir okkur að búa við vaxtastefnu evrópska Seðlabankans? Sú stefna miðar fyrst og síðast við hagsmuni stóru þjóðanna, eins og eðlilegt er. Yrði þá þröngt fyrir dyrum hér, ef ekki óbærilegt, ef vaxtastefnan gengi þvert á aðstæður í efnahagslífi okkar. Og auðvitað voru ekki nefnd glötuð yfirráð yfir fiskimiðunum og ekki orð um milljarðana sem greiða þyrfti árlega fyrir aðildina. Það er ótrúlegt að horfa upp á að jafnvel reyndir stjórnmálamenn láta tímabundinn efnahagslegan goluþyt nægja til að glutra niður allri staðfestu til lengri tíma. Hitt er svo annað mál, að við megum ekki falla í þá gryfju

að halda að allt sé ómögulegt sem frá Samfylkingunni kemur. Það er alls ekki svo. Því miður er það einfaldlega þannig, að 99 % af því, kemur óorði á allt hitt.

Góðir áheyrendur,
Við sjálfstæðismenn erum stoltir af einkavæðingunni. Við börðumst lengi einir fyrir henni en við unnum að lokum umræðuna. Þó er það svo að einkavæðing er ekki markmið í sjálfu sér. Markmiðið er að hið opinbera sé ekki að vasast í rekstri sem öðrum lætur betur í hendi. Við sjálfstæðismenn viljum sterkt ríkisvald, en aðeins í þeim þáttum þar sem það á heima. Við viljum að öryggi borgaranna sé vel tryggt og að allir séu jafnir fyrir lögunum. Við viljum svo sannarlega ekki að menntun eða heilbrigðisþjónusta verði nokkru sinni betri fyrir útvalda en hina, en við viljum gjarnan nota tæki markaðarins til að skaffa þá þjónustu. Við viljum með öðrum orðum Ísland, sem sérhver Íslendingur getur talið sitt og verið stoltur af.

Góðir fundarmenn,
Öll þjóðin hefur fylgst með hvernig fjölmiðlasamsteypa hefur verið notuð til að þjóna hagsmunum aðaleigenda sinna, sem standa í ströngu á öðrum vettvangi. Slíka notkun auðhrings á fjölmiðlum hef ég hvergi séð í þessum mæli og fylgist þó víða vel með. Óvægnum árásum og slúðri úr stolnum gögnum hefur verið beitt gegn einstaklingum, sem auðhringnum hefur verið í nöp við. Hefur árásum einnig verið beint að mér, oftast þó undir rós og með endalausum dylgjum. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja. Hver leigupenninn af öðrum heldur því fram að ég sé andvígur tiltekinni samþjöppun umsvifa í viðskiptalífinu af því að mér líki ekki eigendahópurinn. Þegar ég var 30 ára gamall hélt ég ræðu í Valhöll, ræðu sem síðar hefur verið gefin út í ritinu Uppreisn frjálshyggjunnar. Þar fjallaði ég um hringamyndun með þessum hætti: „Alþýðuflokkurinn boðaði í kosningabaráttunni, að herör skyldi skorin upp gegn þeim einokunarhringjum, sem eru að verða til í landinu, meðan sjálfstæðismenn létu kyrrt liggja. Hvers vegna sveigja Alþýðuflokksmenn svo að stefnu, sem öll lögmál segja að sjálfstæðismenn hljóti að berjast fyrir?" 30 ára gamall segi ég sem sagt á fundi með mörg hundruð sjálfstæðismönnum, þar sem gjörvöll forysta flokksins sat fyrir svörum, að það væri hrein sjálfstæðisstefna, hrein frjálshyggja, að skera upp herör gegn einokunarhringum.

Þegar ég flutti ræðu mína á landsfundi 1991, sem ég vitnaði í áðan sagði ég: „Andstæðingarnir segja: Sterkur Sjálfstæðisflokkur, er aðeins fyrir hina sterku. Þeim skjátlast enn. Slíkur flokkur á ekkert erindi með sjálfstæðisstefnuna í farteskinu. Sjálfstæðisflokkurinn verður að vera sterkur flokkur, nógu sterkur til þess að þeir, sem verr kunna að vera settir, finni þar öflugasta skjólið. Nógu sterkur til þess að þurfa aldrei að láta einstaka hópa, öfl eða áhrifaaðila segja sér fyrir verkum." Þegar ég svo 43 ára gamall myndaði mína fyrstu ríkisstjórn var í stjórnarsáttmála hennar eindregið stefnt að „löggjöf gegn einokun og hringamyndum" eins og þar sagði. Það skipti mig sem sagt engu árið 1978, og engu árið 1991, rétt eins og það skiptir mig engu árið 2005 hverjir eru í forsvari fyrir auðhringana sem yfir öllu vilja gína. Ég er andvígur því að heilbrigð samkeppni snúist upp í andhverfu sína, vegna þess að ég trúi því og hef alltaf trúað því að heilbrigð samkeppni sé góð fyrir fólkið í landinu. Ég hrósaði Alþýðuflokknum sáluga 1978 fyrir rétta afstöðu í þessu máli þá. Því er enn dapurlegra að ekki aðeins formaður Samfylkingarinnar, heldur einnig sumir þingmenn hennar, eins og ömurlegt uppistand í þinginu síðastliðinn þriðjudag sýndi, virðast naumast líta lengur á Samfylkinguna sem flokk en fremur sem tiltölulega léttvægt dótturfélag auðhrings. Við sjálfstæðismenn getum því ekki vænst stuðnings úr þessari átt. En það þarf ekki að koma á óvart. Samfylkingin hefur gefist upp á því að hafa nokkra sannfæringu eða stefnu. Í staðinn leggur sá flokkur nú áherslu á svo kölluð umræðustjórnmál. Og þegar komið er í innihaldslaus umræðustjórnmál þá eru dylgjurnar á næsta Leiti. Hún Gróa sem þar bjó bað

menn þess lengstra orða að bera sig ekki fyrir því sem hún hafði eftir ónefndum ólygnum manni. Nú geta Gróurnar ekki lengur vitnað í ónefndan, því þá halda húsbændurnir að það sé ég.

Við skulum ekki láta þessi ósköp sem nú eru uppi og er ætlað að rugla fólk í ríminu og skelfa lögreglu og dómstóla, hafa nein áhrif á okkar störf hér á landsfundinum. Eftir fáein ár verður þessi ljótasti blettur í sögu íslenskrar fjölmiðlunar kominn í sitt skot í sögunni. Sama má segja um þá árás sem gerð var á þingræðið í landinu og lengi verður í minnum höfð. Sjálfstæðisflokkurinn mun hins vegar áfram berjast fyrir frjálsu samfélagi, þar sem að fölskvalaus samkeppni ríkir, þar sem allir eiga jafnan rétt til náms og heilbrigðisþjónustu, þar sem tækifærin eru fjöldans og allir teljast jafnir fyrir lögunum.

Kæru landsfundarfulltrúar,
Það verða tímamót hjá mér eins og þið vitið á þessum landsfundi. Armstrong geimfari sagði á sínum tíma að fyrsta skrefið á tunglinu væri lítið fyrir hann en risavaxið fyrir mannkynið. Í mínu tilviki og flokksins eru formerkin öfug við það sem var hjá þeim Armstrong og tunglinu. Stórt skref fyrir mig en eðlileg breyting í þróun og sögu flokksins. Ég hef á þessum tímamótum margt að þakka ykkur og þúsundum annarra sjálfstæðismanna. Ég hef aftur og aftur fengið mikinn stuðning í prófkjörum flokksins, í kosningum og mjög eindreginn stuðning á landsfundum. Þegar átökin í stjórnmálunum hafa verið hörðust og árásir andstæðinganna óvægnastar hef ég átt örugga vináttu og traustan stuðning ykkar. Ég hef nú gegnt formannsstarfi í tæp 15 ár og aðeins Ólafur okkar Thors hefur gengt starfinu lengur. Til er frásögn af því að Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins hafi eitt sinn sagt við einn annan formann, Geir Hallgrímsson, og fleiri, að það væri auðveldara að stýra landinu en að gegna formennsku í Sjálfstæðisflokknum. Sjálfsagt hefur aðstaðan verið erfið og álagið mikið þegar þessi orð voru sögð og óþarfi að leggja í þau algilda vigt. En ég verð á hinn bóginn að segja það umbúðalaust að ég hef notið þess út í æsar að vera formaður Sjálfstæðisflokksins. Kynni mín af þúsundum flokksmanna hafa verið mér mikilvæg og traustvekjandi. Ég hef hlakkað til hvers landsfundar flokksins, þessa fjölskrúðugasta fjölskylduboðs landsins. Ég hef fagnað og þakkað þá miklu eindrægni sem ríkt hefur í miðstjórn og þingflokki alla mína formannstíð. En þrátt fyrir þetta allt er ég líka glaður yfir því að mega hætta. Mega hætta í góðri sátt við alla flokksmenn, og það á stundu þegar flokkurinn er í jafn myndarlegri og traustri stöðu og hann er nú. Mega hætta á eigin forsendum og á tíma sem ég tel að henti flokknum best og án þess að nokkur flokksbróðir minn eða flokkssystir saki mig um að vera hlaupast á brott frá hálfkláruðu verki. Hitt er annað mál að starfi lifandi stjórnmálaflokks lýkur aldrei og flokksins okkar býða margvísleg snúin viðfangsefni. Hann mun sem endranær reynast vandanum vaxinn. Hann mun vita að: *„Hátt ber að stefna, von við traust að tvinna.”* Störf okkar allra á landsfundinum munu stuðla að því að styrkja hann til þess. Megi góður Guð blessa öll þau störf og framtíð lands og þjóðar. Hafið þið öll, sjálfstæðisfólkið í landinu og stuðningsmenn flokksins heila þökk fyrir stuðning og vináttu fyrr og síðar. Þrítugasti og sjötti landsfundur Sjálfstæðisflokksins er settur.